



245. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudag 22. apríl 2009 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Davíð Sveinsson, DS
Berglind Axelsdóttir, BA
Guðmundur Kristinsson varamaður, GK
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 448, dags. 16.04.2009. Fundargerð framlögð.

Liður 20 bréf Hermanns Guðmundssonar, dags. 05.04.2009 varðandi afnot af landi fyrir Ræktunarfélag Stykkishólms.

Erindinu er hafnað. Þar sem hvorki eru uppi hugmyndir um að stækka það svæði, sem núþegar er undir frístundabúskap, né leggja það svæði undir að nýju, sem innleyst hefur verið af Stykkishólmbæ með uppkaupum á ræktun. Bæjarstjóra falið að ræða við Ræktunarfélag Stykkishólms.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GK, EF og GDP

Liður 21 bréf Jeratúns ehf., dags. 30.03.2009 varðandi hlutafjáraukningu vegna hallarekstrar.

Samþykkt að auka hlutafé Stykkishólmsbæjar í Jeratúni ehf.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 22 bréf St.Franciskusspítala, dags. 31.03.2009 varðandi beiðni um framkvæmdir á lóð St.Franciskusspítala.

Bæjarstjóra falið að ræða við forstöðumann St.Franciskusspítala.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Til máls tóku:EF og BA

Liður 23 bréf Siglingardeildar Snæfells, dags. 31.03.2009 varðandi geymslusráðgjafi í Heljarmýri.

Samþykkt að veita Siglingadeild Snæfells styrk að upphæð kr. 23.380.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 24 bréf Bjargar Guðrúnar Einarsdóttur, ódags. varðandi ósk um stuðning vegna ferðar með landsliði 18 ára kvenna í körfubolta til Svíþjóðar.

Samþykkt að veita Björgu Guðrúnu Einarsdóttur 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 25 bréf Söru Mjallar Magnúsdóttur, ódags. varðandi ósk um stuðning vegna ferðar með landsliði 18 ára kvenna í körfubolta til Svíþjóðar.

Samþykkt að veita Söru Mjöll Magnúsdóttur 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 26 bréf Hrafnhildar Sævarsdóttur, dags. 30.05.2009 varðandi ósk um stuðning vegna ferðar með landsliði 16 ára kvenna í körfubolta til Svíþjóðar.

Samþykkt að veita Hrafnhildi Sævarsdóttur 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bréf Berglindar Gunnarsdóttur, dags. 30.03.2009 varðandi ósk um stuðning vegna ferðar með landsliði 16 ára kvenna í körfubolta til Svíþjóðar.

Samþykkt að veita Berglindi Gunnarsdóttur 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 23.03.2009 varðandi afskrift á útsvari.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:DS og GDP

Liður 29 fundarboð aðalfundar Menningarráðs Vesturlands 2009, ódags. (Hótel Hamar 28.04.2009).



Samþykkt að Erla Friðriksdóttir fari með umboð Stykkishólmsbæjar á aðalfundi Menningarráðs Vesturlands 2009.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 tillaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra að gjaldskrá fjarfundastofu.

Gjaldskrá fjarfundastofu í Egilshúsi samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:DS,BA og EF

Liður 32 breyting á tilnefningu í þjóðhátíðarnefnd.

Vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.

Bjarki Hjörleifsson kemur í stað Atla Rafns Hreinssonar.

Liður 33 fyrirspurn um göngustíg meðfram þjóðvegi.

Erla bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu.

Til máls tóku:BA,EF,GK og GDP

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 07.04.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Bæjarstjórn þakkar Lionsmönnum fyrir hlýhug til Dvalarheimilis Stykkishólms með gjöfina á flatskjá.

Til máls tóku:EF og GDP

2.2. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 01.04.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 19.03.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2008, fyrri umræða.

Þór Örn Jónsson bæjarritari Stykkishólmsbæjar gerði grein fyrir Ársreikningnum og svaraði spurningum. Ársreikningnum vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

245. fundur
22. apríl 2009



Til máls tóku:DS,GK og GDP

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 17:00
Þór Örn Jónsson